

Verkefni: Að efla fjölmennningarlega færni ungs fólks

Styrkþegi: Alþjóðahús ehf.

Samantekt

Verkefnið

Á vorönn 2009 var Alþjóðahús í samstarfi við lífsleiknikennara Hagaskóla, Réttarholtsskóla og sérdeildarinnar Bjarkarhlíð um fjölmennningarlega fræðslu fyrir nemendur í 10. bekk. Verkefnið fólst í því að fræðslufulltrúi Alþjóðahúss skipulagði alls þrjár kennslustundir og heimsótti hvern 10. bekk alls þrisvar sinnum. Einnig fengu kennarar námsefni og fræðslu þannig að þeir gætu sjálfir tekið fyrir fjölmennningarlega færni með nemendum sínum um ókomin ár.

Í Hagaskóla fengu alls 7 bekkir fræðslu, í Réttarholtsskóla alls fjórir og í sérdeildinni Bjarkarhlíð sem rekin er á vegum Réttarholtsskóla fyrir börn í hegðunar- og tilfinningavanda var einn hópur sem fékk fræðslu og var ákveðið að veita þar öllum nemendum alls 7 talsins í 8. 9. og 10 bekk fræðslu.

Nemendur sem tóku þátt voru alls um 250 talsins.

Umsjónarmaður verkefnisins, kennari og höfundur námsefnis var undirritaður Jóhann Björnsson kennari og MA í heimspeki.

Markmið og efnistöð

Meginmarkmið verkefnisins var annarsvegar að efla fjölmennningarlega færni nemenda. Það var gert með eftirfarandi aðferðum: Beinni fræðslu, umræðum, myndasýningum, sögum og verkefnum sem ætlað var að efla umhugsunarvirkni og styrkja siðferðisvitund. Hinsvegar var það einnig markmið að kennarar fengju námsefni sem þeir geta notað og fengju fræðslu í notkun þess. Námsefnið sem tekið var saman er enn á tilraunastigi og hefur ekki verið gefið út.

Efnistöðum kennslustundanna má skipta gróflega í eftirfarandi meginflokka:

- Að vera öðruvísi. Hér var fjallað um margbreytileika mannlífsins í sinni víðustu merkingu og nemendur vaktir til umhugsunar um birtingarmynd margbreytileikans.
- Fjölmennning og fordómar. Í þessum hluta var sérstaklega fjallað um fjölmenningu og einkenni hennar, staðalmyndir og fordóma.
- Flóttamenn og hælisleitendur. Fjallað var um málefni flóttamanna og hælisleitenda og var einkum fjallað um flóttamenn sem komið hafa til landsins á undanförunum árum og ástæður fyrir komu þeirra. Margir unglinganna þekktu til kólumbískra flóttamanna sem komu til landsins árið 2007 og var sérstaklega fjallað um þann hóp.
- Verkefni og leikir. Ein besta leiðin til þess að efla umhugsun ungs fólks um fjölmenningu og margbreytileika mannlífsins er með verkefnum og leikjum og var það einnig gert og tókst mjög vel.

Mat á verkefni

Verkefnið tókst í alla staði mjög vel og lýstu kennarar almennri ánægju með það. Þátttakendur voru flestir vel virkir í umræðum og verkefnavinnu og er óhætt að mæla með því án nokkurra breytinga.

Sesselja Ingibjörg Jósefsdóttir skólastjóri Hagaskóla, Hilmar Hilmarsson skólastjóri Réttarholtsskóla og deildarstjóri Bjarkarhlíðar Marta Sigmarsdóttir auk lífsleiknikennara skólanna geta veitt frekari upplýsingar um hvernig til tókst sé eftir því leitað.

Project: Intercultural training for 10th grade students

Grantee: Alþjóðahús ehf.

English summary

Intercultural Center prepared teaching material and three classes in multicultural competency for all 10th grade students in three schools in Reykjavík during spring semester 2009. Approximately 250 students attended the classes and the topics discussed were mainly:

- How people are different in various ways.
- Multicultural society, prejudices and stereotypes.
- Refugees and asylum seekers.
- Multicultural games.

The methods used in classes were mainly short lectures, philosophical discussions, story tellings and thought provoking games.